

11. FEB. 2021

Bréfalykill: 08.03.01

Dalabyggð
Kristján Sturluson, sveitarstjóri
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Reykjavík, 3. febrúar 2021
UST202101-403/S.K.
08.25.01

Áætlun hafnaryfirvalda um móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum.

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum skulu hafnaryfirvöld gera áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Einnig skal endurskoða áætlunina á þriggja ára fresti sem og eftir meiriháttar breytingar á rekstri hafnarinnar. Umhverfisstofnun staðfestir áætlun um meðhöndlun og móttöku úrgangs og farmleifa. Komið er að því að endurskoða áætlun Dalabyggðahafna, um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum sem staðfest var af Umhverfisstofnun þann 12. September 2019.

Við endurskoðun áætlunar um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa þarf að uppfæra upplýsingar um magn og tegund úrgangs sem tekið er á móti í höfninni og eiga þær upplýsingar að vera sem ítarlegastar. Ef einhverjar breytingar hafa orðið á móttökuaðstöðu í höfninni, verklagi við móttöku á úrgangi eða öðrum þáttum sem áætlunin tekur til verður að uppfæra áætlunina með tilliti til þess.

Ef frekari upplýsinga er þörf varðandi endurskoðun áætlunarinnar þá vinsamlegast hafið samband við Sigríði Kristinsdóttur (sigridur.kristinsdottir@umhverfisstofnun.is) eða síma 591-2000.

Virðingarfyllt

Sigríður Kristinsdóttir
Sérfræðingur